

23. fundur
Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn fundarsal í Skor,
priðjudaginn 25. janúar 2011 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) formaður í fjarfundi, Ingimundur Óðinn Sverrisson (ÍÓS) stýrði fundi, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Birna Benediktsdóttir (BB), Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) og Ásthildur Sturludóttir. Auk þess sátu fundinn Magnús Ólafs Hansson, Egill Ólafsson og Björgvin Sigurjónsson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

Dagskrá:

1. 1101042 - Málefni MEÓ

Stjórn MEÓ kom inn á fundinn.

Formaður stjórnar, Magnús Ólafs Hansson fór yfir stöðu MEÓ. Í fundargögnum fylgdu bréf þar sem óskað er eftir yfirdrætti á reikningi safnsins, erindi frá stjórn MEÓ til eigenda safnsins.

Óskað er eftir uppfærðri fjárhagsáætlun frá stjórn MEÓ og að sett verði fram áætlun um greiðsluflærði. Samráðsnefnd samþykkir að tekinn verði 200 þúsund króna yfirdráttur fyrir safnið.

Lagt var fram bréf frá lögmanni Kristins Þórs Egilssonar vegna kröfu stjórnar MEÓ um afhendingu muna sem staðsettir eru að Hnjóti, Örylgshöfn, Vesturbyggð. Munir sem eru á forræði safnsins eru læstir inni í geymslum Kristins Þórs Egilssonar. Stjórn MEÓ óskar eftir því að farið verði í innsetningu á munum safnsins ef ekki verður safnið óstarfhæft að þeirra mati.

ÁS og EIS falið að kanna með kostnað við innsetningaraðgerðina; Lögmannskostnað, flutningskostnaður og geymslukostnaður.

2. 1101044 - Samningur um sorphirðu í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi

Lögð fram samningsdrög og tillögur að sorphirðukerfi fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp.

Samráðsnefnd leggur til að samningur við Gámapjónustu Vestfjarða verði framlengdur með fyrirliggjandi tillögum að breytingum og sú vinna kláruð 3. febrúar n.k.

3. 1101043 - Forstöðumaður Tæknideildar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Bæjarstjóri Vesturbyggðar fór yfir stöðu málsins og umsóknir um stöðuna sem bárust.

Samráðsnefnd hafnar öllum umsóknum um stöðuna.

Bæjarstjóra og oddvita falið að vinna áfram að málinu.

4. 1101045 - Sameiginleg verkefni Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Þjónustusamningur milli Vesturbyggðar og Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks lagður fram. Samráðsnefnd hefur engar athugasemdir við fyrirliggjandi samning. Samninginn þarf að staðfesta af viðkomandi sveitarstjórnnum.

Stöðugildi ráðgjafa-og stjórnunar fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp: 0,16.

Fleiri sameiginleg mál voru rædd.

Fundarstjóri fagnaði því að Friðbjörg væri í fjarfundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____